

Mötuneytiskönnun lögð fyrir foreldra 2018 -2019

Þátttakendur sem tóku könnunina voru 158. Tæplega 60% svarenda eiga börn á yngsta stigi. Börn u.þ.b 70% svarenda eru í mat alla daga.

Helstu niðurstöður:

- 87 % foreldra eru mjög ánægðir og ánægðir með matseðilinn.
- 96 % líkar vel við fyrirkomulag matartíma; reglur, tímasetningu og sæti.
- 99 % eru ánægð með viðmót starfsfólks.
- 98 % eru ánægð með salatbarinn.
- 96 % eru ánægð með Matartorgið.
- 84 % foreldra hafa áhuga á að boðið verði upp á ávexti í morgunnesti.
- 93 % eru ánægð með verðlagningu mótuneytisins.

Skriflegar athugasemdir - samantekt:

10. Hvað ertu helst ánægð/ur með í mótuneyti Brekkubæjarskóla ?

Alls svöruðu 64 spurningunni. Flestir voru ánægðir með salatbarinn, fjölbreyttan matseðil og starfsfólkið (51 svar).

11. Hverju vildir þú helst breyta eða bæta í mótuneyti Brekkubæjarskóla ?

Fjölbreytt svör komu en flest voru á þá leið að auka þyrfti fjölbreytni á matseðli, bjóða enn frekar upp á mat sem unninn er frá grunni sem og grænmetisrétti, ásamt fjölbreytni í fiskitegundum (32 svör). Athugasemdir komu varðandi hávaða sem myndast inni í matsal. Nokkrir vildu fá morgunmat og/eða ávexti á morgnana (20 svör). Einnig var óskað eftir því að aðstaða fyrir nemendur sem koma með nesti yrði bætt m.a. boðið upp á samlokugrill. Þá vildu nokkrir fá að greiða 1 mánuð í einu en ekki 2-3 eins og gert er í dag (7 svör). Alls svöruðu 67.

12. Ertu með athugasemdir er varða matartorgið ?

Alls svöruðu 31 spurningunni. Mjög fáar athugasemdir aðrar en að fólk gerir ekki athugasemd (17 svör). Þó var minnst á að gott væri að geta greitt mánaðarlega eða fengið að velja matseðil fyrir allt árið í einu (5 svör).

13. Annað sem þú vilt taka fram varðandi mótuneyti Brekkubæjarskóla ?

Nokkrar athugasemdir voru um hávaða, matinn og starfsfólk en einnig nokkrar þar sem fólk lýsti ánægju sinni með mótuneytið (20 svör). Alls svöruðu 20.